

Reglugerð um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Líbíu nr. 887/2015, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Líbíu nr. 887/2015:

1.28	Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2018/2012 frá 17. desember 2018 um framkvæmd ákvörðunar (SSUÖ) 2015/1333 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu, sbr. fylgiskjal 1.28.
1.29	Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2019/539 frá 1. apríl 2019 um framkvæmd ákvörðunar (SSUÖ) 2015/1333 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu, sbr. fylgiskjal 1.29.
2.25	Reglugerð ráðsins (ESB) 2018/2004 frá 17. desember 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/44 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Líbíu, sbr. fylgiskjal 2.25.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 6. ágúst 2019.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Sturla Sigurjónsson.

Fylgiskjöl.

(sjá PDF-skjal)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.